

Bogfimisamband Íslands styður heilshugar 520 frumvarp — 386. mál. um breytingu á vopnalögum, nr. 16/1998 (bogfimi ungmenna).

Núverandi tillaga að lagabreytingum myndi leysa þau vandkvæði sem liggja fyrir gagnvart bogfimi íþróttaiðkun ungmenna á mjög ábyrgan veg. Og gefa Íslenskum ungmennum tækifæri á því að stunda, æfa og keppa í bogfimi íþróttum með sama móti og ungmenni í heiminum og nágrannaþjóðum Íslands gera.

Til að gefa dæmi um áhrif núverandi löggjafar:

Ólympíuleikar ungmenna eru haldnir fyrir ungmenni á aldursbilinu 15-17 ára, þau ungmenni eru almennt að keppa um þátttökurétt á leikana á aldursbilinu 14-16 ára. Algengt er að togkraftur sem sé verið að nota sé um 15-20 kg. Núverandi löggjöf kemur því í óbeint veg fyrir að Ísland geti keppt um sæti á Ólympíuleika ungmenna, nema að flytja þau börn sem miða á þann árangur erlendis um árabíl. Núverandi lagabreytingar tillaga myndi leysa það vandamál þar sem börnin gætu þá æft undir eftirliti lögráða einstaklings með þeim togkrafti sem til þarf hverju sinni.

Norðurlandameistaramót ungmenna eru haldin fyrir aldursbilið 13-20 ára á vegalengdum sem er ómögulegt að drífa á með minna en sirka 12-26 kg togkrafti. Núverandi hömlun kemur í veg fyrir að helmingur barna og ungmenna á Íslandi geti keppt á sama grundvelli með börnum og ungmennum frá Norðurlöndum.

Núverandi lög eiga sér enga hliðstæðu á Norðurlöndum og eftir því sem best er vitað í heiminum. Líklegt er að þegar þessari lagagrein var bætt við hafi lítið sem ekkert verið um bogfimi iðkun ungmenna á Íslandi. Sú iðkun hefur aukist gífurlega síðasta áratug og er séð fyrir miklum vexti og mögulegum árangri Íslands á alþjóðavettvangi. Langflest ungmenni stunda bogfimi íþróttir á æfingum á vegum íþróttafélaga undir eftirliti lögráða einstaklinga.

Þegar þessi lagabreyting gengur í gegn mun það því gefa Íslenskum ungmennum sömu möguleika á iðkun bogfimi og í öðrum þjóðum.